



# Menningar- og íþróttanefnd

## Íþróttir og tómstundir

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á öflugt íþróttastarf í Reykjavík. Brýnt er að forgangsraða fjárveitingum til íþrótt- og æskulýðsmála til að styðja við lykilhlutverk íþróttar og tómstunda í uppeldi, forvörnum, lýðheilsu og félagsþroska barna og ungmenna. Íþróttar og æskulýðsstarf er mikilvægur þáttur í því að stuðla að jöfnum tækifærum og eflingu félagslegra tengsla barna með fjölbreyttan bakgrunn svo sem vegna uppruna, félagsstöðu og búsetu. Nauðsynlegt er að tryggja jafnræði meðal íþróttafélaga og íþróttagreina þegar kemur að fyrrgreindum þáttum. Þannig verða tækifæri barna í öllum hverfum borgarinnar hámarksöguð.

Styrkja þarf uppbyggingu afreksstarfs í íþróttum með það að markmiði að ná sambærilegum árangri og best gerist hjá nágrannabjóðum okkar. Undirstaða þess er að hlúa að íþróttum barna, unglunga og ungmenna, vanda til aðstöðu og þjálfunar og þar með að auðvelda iðkendum að finna sína íþrótt og sinna henni. Aðstaða íþróttafélaga þarf að vera með besta móti. Mikilvægt er að börn og ungmenni hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttum íþróttum og tómstundum. Markvisst verði unnið að uppbyggingu þjóðarleikvangs- og hallar, í samstarfi við einkaaðila, til að bæta aðstöðu og möguleika til að halda alþjóðlegar keppnir og kappleiki.

Sundlaugar borgarinnar eru miðstöðvar lýðheilsu í borginni og geta spilað mikilvægt hlutverk hvað forvarnir varðar. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur brýnt að tryggja gott aðgengi að þeim, rúman opnunartíma og reglulegt viðhald.

## Menning og skapandi greinar

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur að listir, menning og skapandi greinar búi til ómæld verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Tryggja þarf grósku í menningarlífi borgarinnar sem auðgar lífið og hefur jákvæð hagræn áhrif, án þess að opinber afskipti hamli um of.



Menning og skapandi greinar gegna lykilhlutverki í uppeldi, forvörnum, lýðheilsu og félagsþroska barna og ungmenna. Slíkt starf er mikilvægur þáttur í því að stuðla að jöfnum tækifærum og eflingu félagslegra tengsla barna með fjölbreyttan bakgrunn. Því þarf að tryggja aðgengi barna og ungmenna að listum og menningu í Reykjavík.

Reykjavík er miðstöð skapandi greina á Íslandi og á að styðja við og styrkja menningu í borginni með því að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi fyrir listamenn. Stærsti hópur listamanna er sjálfstætt starfandi. Mikilvægt er að skapa alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi og trausta umgjörð með fyrirsjáanleika til verðmætasköpunar innan skapandi greina, rétt eins og annars staðar í atvinnulífinu. Skapandi greinar munu gegna lykilhlutverki í atvinnuþróun og útflutningsstarfsemi á næstu árum sem skapar fjölbreytt störf og tekjur fyrir þjóðarbúið.

Bókasöfn gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og þarf að leita leiða til að auka fjölþætta notkun þeirra og nýtingu, svo sem félagsstarfsemi í hverfum borgarinnar. Tryggja þarf gott aðgengi að bókasöfnum til að efla lestur og íslenskukunnáttu.

Mikilvægt er að styrkveitingar borgarinnar vegna menningarmála séu faglegar og gagnsæjar. Allir sitji við sama borð þegar komi að slíkum fjárveitingum.

**Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025**